



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	6. desember 2019

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur hafið vinnu við endurskoðun laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Við endurskoðun laganna verður m.a. höfð til hliðsjónar skýrsla nefndar um lagalega stöðu villtra fugla og villtra spendýra sem skipuð var af umhverfis- og auðlindaráðherra fyrir nokkrum árum. Nefndin var skipuð fjölmörgum sérfræðingum og fulltrúum ýmissa stofnana og samtaka sem hafa látið sig þessi mál varða. Nefndin skilaði umfangsmikilli og vandaðri skýrslu um lagalega og stjórnsýslulega stöðu villtra fugla og spendýra, hinn 3. apríl 2013. Að mestu leyti var samstaða meðal þeirra fjölmörgu aðila sem unnu að skýrslunni um tillögur til breytinga á umgjörð þessara mála og sem gerð er grein fyrir í niðurstöðukafla skýrslunnar.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Þrátt fyrir að lög nr. 64/1994 hafi að mörgu leyti haldið gildi sínu ágætlega á þeim rúmlega 25 árum síðan þau voru sett, þá liggur hins vegar fyrir að umhverfi þessara mála hefur breyst talsvert frá gildistöku laganna. Hér má t.d. nefna aukna áherslu á umhverfis- og lofslagsmál, áherslu á dýravelferð, nýjar skuldbindingar Íslands á grundvelli alþjóðasamninga auk ýmissa sjónarmiða er lúta að virkri stjórnun og stýringu á veiðum villtra dýra og villtra fugla. Jafnframt er full þörf á að skýra/afmarka betur verkaskiptingu og ábyrgð einstakra stofnana ríkisins á tilteknum þáttum við framkvæmd laganna, einfalda núverandi veiðikortakerfi og koma á virku veiðieftirliti.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Í áðurnefndri skýrslu starfshóps um lagalega stöðu villtra fugla og villtra spendýra, er auk framangreinds, bent á ýmis atriði sem betur mega fara í núgildandi löggjöf varðandi vernd, friðun og veiðar á villtum spendýrum og fuglum. Með hliðsjón af þeirri þróun sem átt hefur sér stað í málaflokknum frá því lög nr. 64/1994 voru sett er að mati ráðuneytisins tímabært að þau sæti nú endurskoðun með tilliti til þessa.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Í sáttmála ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis frá 30. nóvember 2017 kemur fram „að dýralíf á Íslandi sé hluti af íslenskri náttúru sem beri að vernda. Náttúran er auk þess stærsta aðdráttarafl Íslands fyrir ferðamenn. Endurskoða þurfi löggjöf um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.“

Það er einnig hluti af stefnu stjórnvalda að löggjöfin tryggi fullnægjandi og reglubundna vöktun náttúrufars, m.a. í ljósi aukins álags á náttúruverndarsvæðum, alþjóðlegra skuldbindinga og loftslagsbreytinga, sbr. málaflokk 17.2 um rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands í nágildandi fjármálaáætlun.

Mikilvægur hluti af stefnu hins opinbera í málaflokknum er að fyrir hendi vel skilgreind stýritæki til að fylgjast með stofnstærðum einstakra tegunda villtra fugla og villtra dýra til að meta ástand, viðkomu og veiðipól á vísindalegum grunni. Mikilvægt er að þessi stýritæki verði tengd þeim ákvörðunum sem teknar eru á þessu sviði og að þau nýtist til stjórnunar, verndunar og veiða á grundvelli laganna.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Markmið tilvonandi lagasetningar er að endurskoða og endurútgefa gildandi lög um vernd, friðun og veiðar villtra fugla og villtra spendýra með hliðsjón af stefnu hins opinbera í málaflokknum og þeirri þekkingu sem aflað hefur verið frá setningu þeirra, m.a. á grundvelli framangreindrar skýrslu.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Löggjöfin á þessu sviði endurspeglar ekki að fullu þær hugmyndir sem nú eru uppi um vöktun náttúrunnar, þörfina fyrir vel skilgreind stýritæki í málaflokknum og alþjóðlegar skuldbindingar á sviði umhverfismála.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Varðandi mikilvægustu úrbótaefnin er nauðsynlegt að breyta nágildandi lagaramma.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Hægt er annars vegar að leggja fram frumvarp til breytinga á nágildandi lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eða hins vegar að leggja fram nýtt frumvarp til laga um málefnið.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Gert er ráð fyrir að við vinnslu á frumvarpinu verði horft til framangreindrar skýrslu um lagalega stöðu villtra fugla og spendýra. Niðurstöður skýrslunnar liggja fyrir og eru þar lagðar til ýmsar breytingar á nágildandi lögum. Við frumvarpsvinnuna verður einkum lögð áhersla á eftirfarandi sjónarmið;

- að náttúran fái eins og kostur er að þróast eftir eigin lögmálum,
- að tryggja skuli nauðsynlega vernd villtra dýra og búsvæða þeirra,

- að aflétting friðunar og leyfi til nytjaveiða byggja á haldbærum gögnum,
- að veiðiaðferðir taki mið af velferð villtra dýra og
- að fyrir hendi sé virk veiðistjórnun og veiðieftirlit.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott

Gert er ráð fyrir að um heildarendurskoðun nógildandi laga verði að ræða. |

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Frumvarpið kann að hafa snertifleti við tilteknar skuldbindingar landsins að þjóðarrétti sem íslenska ríkið hefur undirgengist á sviði friðunar og verndunar dýrategunda sem taldar eru í hættu. Ekki verður séð og að áformin komi inn á svið stjórnarskrár.

2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?

Nei.

3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Það eru snertifletir við ýmsa aðra löggjöf án þess að fyrirhugað frumvarp krefjist sérstakra breytinga á þeim. Þar má t.d. nefna lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, skipulags- og byggingarlöggjöf, lög um velferð dýra, lög um náttúruvernd, lög um Umhverfisstofnun og lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. |

F. Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Hagsmunaaðilar eru fjölmargir. Við gerð skýrslu um lagalega stöðu villtra fugla og spendýra sem vísað er til hér að framan og mun verða grunnur vinnunnar, komu fulltrúar eftirtalinna aðila að tillögugerð skýrslunnar: Náttúrustofa Vesturlands, Dýralæknafélag Íslands, Umhverfisstofnun, Fuglavernd, Náttúrufræðistofnun Íslands, Háskóli Íslands, Skotveiðifélag Íslands, auk fulltrúi frjálsra félagasamtaka á sviði náttúruverndar. Við gerð skýrslunnar var haft samráð við tugi annarra hagsmunaaðila og er í skýrslunni vísað til þess samráðs.

2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Það er nokkur skörun við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið en það ráðuneyti fer með málefni þeirra spendýra við Íslandsstrendur sem ekki heyra undir nógildandi lög, þ.e. hvali og seli.

3. Samráð sem þegar hefur farið fram

Vísað er til svars við spurningu nr. 1. í þessum kafla.

4. Fyrirhugað samráð

Ákveðið var snemma á þessu ári að skipa samráðshóp 15 hagaðila til að vera til ráðgjafar og samráðs vegna máls þessa. Hefur tilnefningarbréf verið sent til umræddra aðila og hafa flestir þeirra þegar tilnefnt aðila til að sitja í hópnum. Við vinnslu á frumvarpi til

laga um villta fugla og villt spendýr mun verða haft samráð við þennan hóp tilnefndra hagaðila. Þegar drög að frumvarpi liggja fyrir verða þau kynnt í samráðsgátt stjórnvalda.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal Um er að ræða heildarendurskoðun á lögum um villta fugla og villt spendýr. Gera má ráð fyrir því að stærstur hluti þeirra breytinga sem áformuð eru hafi ekki sérstakan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Verði gert ráð fyrir auknu hlutverki og aukinni aðkomu stofnana ráðuneytisins að vinnu við framkvæmd laganna kann að myndast kostnaður vegna þess. Undirbúningsvinna er hins vegar ekki komin á það stig að hægt sé að gera grein fyrir umfangi slíkrar aðkomu stofnana og þeim kostnaði sem af honum getur hlotist.
H. Næstu skref, innleiðing
1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Nei. 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almenningsmenn, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Gert er ráð fyrir að nokkurn aðdraganda þurfi til innleiðingar laganna. Jafnframt kann að vera nauðsynlegt að fresta innleiðingu einstakra ákvæða til að gefa aðilum, þ. á m. opinberum aðilum, færi á eðlilegum undirbúningi eða aðlögun. 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Á ekki við. 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu Stofnanir sem sjá um framkvæmd laganna munu halda utan um árangur og útkomu verði frumvarpið að lögum. 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Tilgangur frumvarpssmíðinnar er m.a. að fá fram traustari töluleg gögn á þessu málefnasviði.
I. Annað
J. Fylgiskjöl
1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum